



RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NORÐURLANDI VESTRA



MIÐSTÖÐ MUNNLEGRAR SÖGU

Rannsókn og skráning á hljóðheimildum úr Húnaþingi vestra

Lokaskýrsla

Lára Magnúsardóttir og Arnþór Gunnarsson

Desember 2012

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 3 |
| 1. Markmið verkefnisins og þátttakendur | 5 |
| 2. Hljóðgögnin | 6 |
| 3. Framvinda verkefnisins | 8 |
| 3.1. Afritun gagna og varðveisla..... | 8 |
| 3.2. Forhlustun og greining | 9 |
| 3.3. Undirbúningur skráningar og klippingar í gagnagrunninn | 10 |
| 3.4. Hlustun, heimildaöflun og skráning | 11 |
| 3.5. Klipping, safnmark og lögfræðileg álitamál..... | 12 |
| 3.6. Lok skráningar og klippingar | 13 |
| 3.7. Nýr vefur Ísmúsar..... | 14 |
| 3.8. Hljóðgögn Fræðafélagsins á Ísmús..... | 14 |
| 4. Árangur og lærdómur | 16 |
| 4.1. Ástand hljóðgagnanna og meðferð..... | 16 |
| 4.2. Forhlustun, frumgreining og öflun upplýsinga um hljóðgögnin | 17 |
| 4.3. Skráning og klipping | 18 |
| 4.4. Kröfur til starfsmanna | 19 |
| 4.5. Réttindamál..... | 20 |
| 4.6. Kynning á verkefninu | 21 |
| 5. Samantekt | 22 |

Inngangur

Verkefnið sem lýst er í þessari skýrslu er tilraun sem fólst í því að finna leið til þess að varðveita gamlar hljóðupptökur, skrá þær, afrita og gera aðgengilegar fyrir almenning á Internetinu. Umsjónarmaður var Lára Magnúsardóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra, en verkefnisstjóri frá og með vorinu 2011 var Arnþór Gunnarsson, verkefnisstjóri hjá Miðstöð munnlegrar sögu.

Áhugi á því að safna viðtölum við landsmenn og öðru efni sem flokkast sem munnlegar heimildir hefur aukist mjög á undanförunum árum en jafnframt hefur mönnum orðið ljóst að mikið efni er til frá fyrri tíð sem lítið hefur verið sinnt að varðveita, skrá og gera aðgengilegt. Þjóðháttaeild Stofnunar Árna Magnússonar hefur safnað þjóðháttafræðilegu efni í áratugi og hefur undanfarin ár unnið í samstarfi við Tónlistarsafn Íslands að því að búa til gagnagrunninn Ísmús þar sem efni af ýmsu tagi hefur verið skráð. Árið 2007 var Miðstöð munnlegrar sögu sett á fót í samstarfi nokkurra fræðastofnana, en markmið hennar er söfnun og varðveisla munnlegra heimilda og fræðsla og miðlun um munnlega sögu og munnlegar heimildir.

Þegar Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra tók til starfa var því einnig ætlað hlutverk á sviði munnlegrar sögu en forstöðumanni þótti ljóst að söfnun efnis væri til lítils ef það lenti í þeirri gleyskunnar hit sem stór hluti þess efnis sem fyrir liggur er nú þegar í. Lára setti fram hugmynd um „hljóðskjalasafn“, þar sem upptökur væru skráðar og varðveittar á sama hátt og önnur skjöl og heimildir um sögu og almenningi yrði gert kleift að nálgast afritin á Internetinu. Með því yrði einnig til farvegur til þess að koma því efni á framfæri sem þegar er til en einnig yrði til leið fyrir nýtt efni sem væri raunhæf og fagleg, ásamt því að vera ódýr vegna þess að aðferðir og vinnsluleiðir væru þekktar og skilvirkar.

Lára taldi að slíkt verk yrði best leyst með því að nýta bestu þekkingu sem fyrir hendi var og leitaði hún eftir samstarfi við ofangreindar stofnanir, ásamt Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni, Forsvari ehf. á Hvammstanga og Fræðafélagi Vestur-Húnavetninga, sem átti talsvert af óskráðu efni í geymslu í Skjalasafni Húnaþings vestra. Ásamt Soffíu Guðnýju Guðmundsdóttur var unnið að verkefnisáætlun um stórt rannsóknarverkefni á sviði varðveislulegrar sögu af þessu tagi og sótt um styrk til Rannís til að vinna það. Markmið með því verkefni var m.a. að skapa sérþekkingu á fræðasviðinu með því að fá doktorsnema til þess að vinna verkið.

Gert var ráð fyrir því að skráning efnis úr eigu Fræðafélagsins yrði fyrsti hluti þess verkefnis, einskonar prufukeysla. Ekki fékkst styrkur frá Rannís en með styrkveitingum frá Menningarráði Norðurlands vestra, Vaxtarsamningi Norðurlands vestra, Þjóðhátíðarsjóði og Húnaþingi vestra tókst að setja saman verkefnisáætlun fyrir lítið hljóðskjalaverkefni sem snerist um að skrá gögn Fræðafélagsins í þann gagnagrunn sem fyrir hendi var, nefnilega Ísmús. Gagnagrunnurinn er í eigu Tónlistarsafns Íslands og þjóðfræðideildar Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, en á vegum þeirra síðarnefndu hefur verið skráð mikið þjóðfræðiefni. Þannig lá fyrir gagnagrunnur og þekking á starfsaðferðum en þó eru önnur viðmið notuð við skráningu þjóðfræðiefnis og við almenna skráningu gagna sem hafa heimildagildi. Því fólst tilraunin ekki síst í því að móta starfsaðferðir við skráningu á opnum segulbandsspólum og kassetum, þar sem efnið væri jafnframt klippt í skilgreinda búta. Sömuleiðis fólst tilraunin í því að kanna forsendur fyrir því að Forsvar ehf., sem er fyrirtæki á Hvammstanga og sérhæfir sig í rafrænni skráningu byggði upp sérþekkingu á verkefnum af slíkum toga og yki þannig verkefnismöguleika sína.

Tilraunin gekk vel og var lærdómsrík. Samstarf sérhæfðra aðila, þar sem hver lagði sitt af mörkum gerði mögulegt að vinna starf sem að öðrum kosti hefði orðið flókið og jafnvel óframkvæmanlegt. Frekari þróunarvinnu er þörf, en fullyrða má að þeir sem hafa áhuga á að varðveita og skrá efni eiga nú betri möguleika á að finna leið til þess að láta það verða að veruleika. Rannsóknarsetrið og Miðstöð munnlegrar sögu þakka samstarfsaðilum fyrir samstarfið og einnig stofnunum og einstaklingum sem hafa lagt sitt af mörkum.

1. Markmið verkefnisins og þátttakendur

Verkefnið sem um ræðir felst í stafrænni afritun, rannsókn, skráningu og birtingu á hljóðgögnum Fræðafélags Vestur-Húnavetninga á gagnagrunninum Ísmús. Það er unnið í samstarfi Forsvars ehf. á Hvammstanga, Fræðafélags Vestur-Húnavetninga, Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns, Miðstöðvar munnlegrar sögu,¹ Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tónlistarsafns Íslands. Stofnun Árna Magnússonar og Tónlistarsafnið standa sameiginlega að Ísmús en tilkomu gagnagrunnsins má rekja aftur á miðjan tíunda áratuginn. Þá var ætlunin að birta þar eingöngu heimildir um íslenska tónmenningu en síðar var farið að leggja áherslu á að veita þar aðgang að sagnamenningu og fleiri menningarsögulegum heimildum. Nánar er fjallað um Ísmús í kafla 3.7.

¹ Hinn 15. mars 2012 var Miðstöð munnlegrar sögu sameinuð Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni og er Miðstöðin nú sérstök eining á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar. Hlutverk Miðstöðvarinnar breyttist ekki við sameininguna.

2. Hljóðgögnin

Hljóðgögnin sem um ræðir voru á sínum tíma hljóðrituð af Fræðafélagi Vestur-Húnavetninga en félagið hafði afhent þau Skjalasafni Húnaþings vestra á Hvammstanga til varðveislu. Þetta eru hljóðsnældur/kassettur og segulbandsspólur af ýmsum stærðum og gerðum. Tímalengd efnisins er um 100 klst. Gögnin skiptast í tvo meginhluta: Annars vegar er um að ræða viðtöl við Húnavetninga (bæði einstaklinga og hjón), þar sem þeir segja í stórum dráttum frá ævi sinni og störfum. Viðmælendurnir eru 41 talsins og voru öll viðtölin utan eitt tekin upp á árunum frá 1978 til 1998. Flestir viðmælendurnir eru fæddir undir lok 19. aldar og í byrjun 20. aldar. Hér er um að ræða almúgafólk og því varpa viðtölin ljósi á líf almennings í héraðinu þegar nútíminn hélt innreið sína í íslenskt samfélag með þéttbýlismyndun, fjölbreyttara menningarlífi og tækninýjungum. Hins vegar eru í safninu upptökur af samkomum, einkum Vorvökum Vestur-Húnavetninga en þær voru haldnar á Hvammstanga frá árinu 1977 fram yfir 1990. Aðrar samkomur sem um ræðir eru bændafundur um málefni landbúnaðarins frá 1980 og hátíð í tilefni af 40 ára afmæli Hvammstangahrepps árið 1978. Óhætt er að fullyrða að upptökurnar af samkomunum gefi einstaka innsýn í menningarlífið í sýslunni á umræddum tíma. Þar léku Vorvökurnar stórt hlutverk. Vorvökurnar í þessu safni eru frá árunum 1977–1985 og 1989. Þetta voru vinsælar menningarhátíðir með fjölbreyttri dagskrá. Fyrsta Vorvakan var haldin í félagsheimilinu á Hvammstanga 6.–9. apríl árið 1977. Þá og næstu árin stóðu Lionsklúbburinn Bjarmi og Ungmennafélagið Kormákur (og síðar Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga) fyrir vökunni á bænadögnum. Dagskráin var fjölbreytt og samanstóð meðal annars af erindum, upplestrum, kveðskap, kórsöng og ýmiss konar tónlistarflutningi, leikþáttum og myndlistarsýningum. Lögð var áhersla á að virkja heimamenn og fólk sem tengdist héraðinu til að leggja fram efni en einnig var leitað til annarra listamanna. Enginn aðgangseyrir var að Vorvökunni og var hún jafnan fjölsótt. Aðalhvatamaður að stofnun Vorvökunnar og formaður Vorvökunefndar fyrstu árin var Sigurður H. Þorsteinsson, skólastjóri grunnskólans á Hvammstanga.²

Til viðbótar við þau hljóðgögn Fræðafélagsins sem hér hafa verið nefnd til sögunnar kom í ljós að á skjalasafninu á Hvammstanga eru varðveittir geisladiskar með afritum úr segulbandasafni

² *Tíminn* 3. apríl 1977, bls. 3; 21. mars 1978, bls. 3 og 5; 10. apríl 1979, bls. 5; 30. mars 1983, bls. 4. – *Þjóðviljinn* 26. apríl 1977, bls. 17; 21. febrúar 1980, bls. 12; 1. apríl 1980, bls. 5; 7. apríl 1982, bls. 13. – *Vísir* 22. mars 1978, bls. 3. – *Morgunblaðið* 15. mars 1979, bls. 31; 10. apríl 1979, bls. 10; 2. apríl 1980, bls. 44; 7. apríl 1982, bls. 26; 23. mars 1989, bls. 33; 28. mars 1991, bls. 10. – *Dagur* 5. apríl 1979, bls. 8. – *DV* 8. apríl 1986, bls. 11.

félagsins, bæði upptökur af viðtölum og samkomum. Sumt af því efni er ekki tiltækt í þessu safni sem hér um ræðir. Á tímabili var gert ráð fyrir því að taka umframefnið með í þetta verkefni en síðan var fallið frá því, enda hefði það lengt verkefnið og verið vafasamt gagnvart þeim sem styrktu það. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir tókst verkefnisstjóra ekki að komast að því hvar frumgögnin (hljóðsnældur/segulbandsspólur) sem upp á vantar eru niður komin en eftir því sem best verður komist hafa þau ekki glatast.

3. Framvinda verkefnisins

3.1. Afritun gagna og varðveisla

Tónlistarsafn Íslands afritaði hljóðgögn Fræðafélags Vestur-Húnavetninga á stafrænt form í þremur áföngum, í október 2010 og í apríl og september 2011. Samtals var um að ræða 117 spólur og kassettur, en af þeim reyndist nauðsynlegt að meðhöndla 30 spólur sérstaklega áður en hægt var að afrita þær vegna þess að þær voru byrjaðar að skemmast. Um það segir í skýrslu Tónlistarsafnsins:

Umrædd Ampex bönd, sem framleidd voru á 8. og 9. áratug síðustu aldar, hafa reynst gölluð. Gallinn lýsir sér í því að segulhúð bandanna eldist þannig að hún losnar af böndunum ef reynt er að spila þau. Húðin safnast á afspilunarhausi segulbandstækisins og veldur því að tækið hægir á sér þar til það hættir loks að snúast. Á þessu hefur fundist sú lausn að baka spólurnar í 4 klst. við 50°C, og kæla síðan fyrir afspilun. Ofn sem framleiddur er til að þurrka matvæli (ávexti, sveppi, grænmeti) hefur reynst henta vel til verksins og fjárfesti Tónlistarsafn í slíkum ofni. Til fróðleiks má nefna að Ríkisútvarpið, sem notaði segulbönd í miklum mæli, keypti aldrei þessi Ampex segulbönd. Þar réði mestu staðfesta Magnúsar Hjálmarssonar hljóðmeistara sem treysti betur eldri böndum sem reynst höfðu vel, þó dýrari væru í innkaupum.³

Á þessari tilvitnun sést vel hvernig þekking og reynsla skilar sér í samvinnu margra aðila og að það getur reynst ódýrara þegar til lengri tíma er litið að fara lengri leið ef reynslan bendir til þess. Sömuleiðis sést á þessu hve stór hluti af segulbandsspólum liggur undir skemmdum, en ætla má að önnur bönd frá sama tíma séu í svipuðu ástandi og þau sem voru hluti af því verkefni sem hér er fjallað um. Einnig má sjá að til er þekkt leið til þess að bjarga efninu af spólunum, en ólíklegt er að sú aðferð dugi til eilífðar. Ekki er ástæða til að ætla að kassettur séu í betra ástandi.

³ “Afritun hljóðrita frá Fræðafélagi Vestur-Húnavatnssýslu á Hvammstanga” Áfangaskýrsla um afritun hljóðgagna frá Jóni Hrólfí Sigurjónssyni og Bjarka Sveinbjörnssyni frá 12. september 2011.

Þegar Tónlistarsafnið lauk stafrænni afritun á meiri hluta hljóðefnisins, nánar tiltekið í apríl 2011, var afrit af efninu vistað í gagnasafni Miðstöðvar munnlegrar sögu og jafnframt í miðlægum gagnagrunni Landsbókasafnsins. Síðasti skammturinn var svo afritaður og vistaður hjá Miðstöðinni í september 2011 að lokinni stafrænni afritun hjá Tónlistarsafninu. Auk þess varðveitir Tónlistarsafnið stafrænt eintak frumgagnanna og eintak af klipptu gögnunum sem núna eru komin á Ísmús. Þar með var búið að tryggja varanlega varðveislu stafrænna afrita.

3.2. Forhlustun og greining

Frá því í lok apríl fram í júlí 2011 kynnti verkefnisstjóri sér innihald hljóðefnisins með því að hlusta á brot úr öllum hljóðskjölunum og mæla þau í mínútum talið. Slík tímamæling var forsenda þess að hægt væri að áætla heildarfjölda vinnustunda við skráningu og klippingu efnisins. Jafnframt voru skráðar ýmsar hagnýtar upplýsingar sem fram koma í hljóðefninu og þeim bætt við þær skráðu en takmörkuðu upplýsingar sem þegar lágu fyrir um efnið. Einnig var aflagð ítarlegri upplýsinga um viðmælendur og aðra þá sem fram koma á hljóðupptökunum (mannanöfn, fæðingar-/dánarár, búseta, staðarnöfn o.fl.), bæði úr bókum um mannlíf og sögu Vestur-Húnavatnssýslu og úr dagblöðum en þau eru aðgengileg á vefnum www.timarit.is. Sérstök áhersla var lögð á að afla blaðafregna um Vorvökurnar enda kemur þar fram hvenær nákvæmlega samkomurnar voru haldnar auk þess sem dagskrá þeirra er tíunduð í stórum dráttum.

Ekki hafði verið reiknað með slíkri forhlustun, forskráningu og heimildaöflun í þeim verkáætlunum sem þá lágu fyrir en í ljós kom að slík vinna er afar mikilvæg. Þannig fékkst betri yfirsýn yfir innihald hljóðefnisins og umfang verkefnisins sem var forsenda þess að hægt væri að gera ábyggilega verkefnisáætlun. Þar með varð einnig auðveldara að leggja mat á ástand hljóðefnisins, bæði hljóðgæði og skipan efnisins. Í raun hefði þurft að leggja mun meiri áherslu á þennan verkþátt, eins og nánar verður fjallað um í 4. kafla.

Forhlustun verkefnisstjóra leiddi í ljós að hljómgæði hljóðefnisins geta almennt talist góð, í sumum tilvikum sæmileg (hægt að greina nokkuð auðveldlega flest af því sem sagt er en einstaka orð, setningar eða kaflar eru óskýrir) en í fáum tilvikum slæm (erfitt að greina innihaldið). Í nokkrum tilvikum reyndist upptakan of hæg.

Að afritun lokinni skiptust flest viðtölin og einstakir menningarviðburðir á tvö hljóðskjöl eða fleiri en allur gangur var á því hvort skjölin sem innihéldu sama atburðinn (viðtal eða menningarviðburð) komu fyrir í réttri röð. Þetta átti eftir að skapa erfiðleika því það kostaði töluverða fyrirhöfn að koma röð og reglu á þetta efni, það er að segja að finna út úr því hvaða hljóðskjöl pössuðu saman og mynduðu samfellu. Í nokkrum tilvikum vantaði framan eða aftan á upptökurnar sem gerði þetta ennþá torsóttara.

Samhliða þeirri vinnu sem hér hefur verið lýst ræddi verkefnisstjóri við samstarfsaðilana um stöðu mála og verkferlið. Jafnframt lagði verkefnisstjóri drög að verkefnisáætlun sem unnið var eftir frá og með haustdögum í samráði við Láru Magnúsardóttur.

3.3. Undirbúningur skráningar og klippingar í gagnagrunninn

Í ágúst 2011 hófst undirbúningur að skráningu og klippingu hljóðefnisins í gagnagrunninn Ísmús. Hinn 9. ágúst fundaði verkefnisstjóri með Rósu Þorsteinsdóttur, rannsóknarlektor hjá Stofnun Árna Magnússonar, Elínu Líndal, framkvæmdastjóra Forsvars, og Freyju Ólafsdóttur, starfsmanni Forsvars, en þá var afráðið að Freyja sæi um skráninguna og klippinguna. Á fundinum var meðal annars rætt um verkferli, verklag og tæknileg atriði. Í ágúst ræddi verkefnisstjóri einnig við starfsfólk Skjalasafns Húnaþings vestra sem varðveitir frumgögnin.

Í lok september fundaði verkefnisstjóri með Rósu og Erni Hrafnkelssyni, sviðsstjóra varðveislu og stafrænnar endurgerðar hjá Landsbókasafni, um verklagsreglur varðandi skráningu gagnanna sem safnkosts og um skráninguna í Ísmús. Rúmum þremur vikum síðar fundaði verkefnisstjóri með Erni og Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur, landsbókaverði, um stöðu verkefnisins og aðkomu Landsbókasafnsins að því. Þá lágu fyrir ítarleg drög að verkefnisáætlun en af ýmsum ástæðum dróst fram í desember að ganga endanlega frá áætluninni og undirrita hana. Á sama tíma var gengið frá verksamningi milli Rannsóknarsetursins, Forsvars, Landsbókasafnsins, Stofnunar Árna Magnússonar og Tónlistarsafns Ísland. Verkefnisáætlunin var grundvöllur verksamningsins.

3.4. Hlustun, heimildaöflun og skráning

Frá því um miðjan september 2011 fram í janúar 2012 vann Freyja við hlustun og skráningu hljóðefnisins. Gekk sá verkþáttur í aðalatriðum samkvæmt áætlun. Til að byrja með hlustaði Freyja á allt efnið, bæði til að kynnast því og fá yfirsýn yfir innihald þess og til þess að afla þaðan hagnýtra upplýsinga vegna skráningarinnar í Ísmús. Þá tók við öflun upplýsinga úr bókum, minningargreinum, manntölum og sóknarmannatölum. Þessi vinna var í raun framhald þeirrar forvinnu sem verkefnisstjóri hóf um vorið og lýst var hér að framan. Um það leyti sem þessari yfirferð lauk fór verkefnisstjóri ásamt Rósu til Hvammstanga, nánar tiltekið 23.–24. nóvember. Þar tók verkefnisstjóri þrjú viðtöl til að afla munnlegra heimilda um Fræðafélagið, tilurð hljóðefnisins á sínum tíma, hvernig staðið var að upptökum á viðtölum og samkomum og um Vorvökurnar. Einnig átti verkefnisstjóri óformleg en gagnleg samtöl um málið við fleiri heimamenn. Þessi heimildaöflun var í samræmi við verkáætlunina og má nýta þessi gögn við nánari skráningu hljóðgagnanna og rannsóknir á tilurð þeirra og innihaldi.⁴ Á sama tíma kenndi Rósa Freyju að skrá hljóðefnið í Ísmús, auk þess sem Rósa hélt kynningu á Ísmús fyrir aðra starfsmenn Forsvars. Ennfremur ræddu Rósa og verkefnisstjóri við Sigríði Tryggvadóttur, forstöðumann Skjalasafns Húnaþings vestra. Þess ber að geta að seinni dag ferðarinnar bættist Lára Magnúsdóttir í hópinn og sat hún einnig kynninguna á Ísmús.

Næstu tvo mánuði eftir vinnuferðina vann Freyja við að skrá hljóðefnið í Ísmús, það er að segja viðtölin og samkomurnar. Skráningaratriðin eru þessi:

- Dagsetning upptöku.
- Upptökustaður.
- Númer/kennitákn frumupptöku.
- Safnmark.
- Skilgreining safns (safn Fræðafélags Vestur-Húnavetninga) sem síðan er tengt varðveislustað (Skjalasafn Húnaþings vestra).
- Heimildarmaður/viðmælandi/flytjandi. Hver einstaklingur er skráður með nafni, fæðingarári, dánarári, fæðingarstað og heimili svo framarlega sem það er vitað. Hægt er

⁴ Viðtölin eru varðveitt hjá Miðstöð munnlegrar sögu.

að setja inn æviágrip og einnig tengla inn á aðrar síður (t.d. minningargreinar á www.timarit.is).

- Spyrill/hljóðritari.
- Efni.
- Efnisútdráttur (frásögn eða lýsing á því sem er gert).
- Tími sem atriðið tekur í spilun.
- Form efnis (t.d. æviminningar, kvæði, söngur, tónlist). Við bundið mál eru eftirtalin atriði skráð svo framarlega sem þau eru þekkt: Titill, fyrsta lína, höfundur, flytjandi/flytjendur, form (kvæði), flutningsmáti (mælt fram, sungið, kveðið).
- Efnisorð (af stöðluðum lista).

3.5. Klipping, safnmark og lögfræðileg álitamál

Dagana 23.–24. janúar fóru verkefnisstjóri og Rósa öðru sinni til Hvammstanga. Í þetta sinn kenndi Rósa Freyju að klippa hljóðefnið og koma því fyrir í Ísmús. Verkefnisstjóri ræddi við Björn Traustason, formann Fræðafélagsins, um ýmis mál sem varða verkefnið. Síðan yfirfóru og lagfærðu Rósa og verkefnisstjóri skráningu gagnanna í Ísmús, endurmerktu frumgögnin og gáfu þeim safnmarkið *HérVHún*. Þetta safnmark er nýtt safnmark Skjalasafnsins en það hafði áður ekkert safnmark. Einnig var rætt við Sigríði, forstöðumann safnsins, um skráningu frumgagnanna og merkingu þeirra en ákveðið var að bíða með að merkja gögnin endanlega þar til skráningu og klippingu í Ísmús væri að fullu lokið.

Talsvert hefur verið rætt um lögfræðileg álitamál vegna birtingar hljóðfnisins í opnum gagnagrunni eins og reyndin er með Ísmús. Niðurstaðan varð sú að eigendur gagnagrunnsins, það er að segja Stofnun Árna Magnússonar og Tónlistarsafn Íslands, gengu frá samkomulagi við Fræðafélag Vestur-Húnavetninga um miðlun efnisins til hlustunar (en ekki til fjölföldunar eða frekari dreifingar, enda er Ísmús ekki til þess ætluð).⁵ Hér var því valin nokkuð önnur leið en ráðgerð hafði verið (sjá kafla 3d í verkefnisáætlun dags. 4. október 2011) en hún fól í sér að afla skriflegs samþykkis hjá öllum nafngreindum sem við sögu koma í hljóðefninu eða hjá afkomendum þeirra. Að vel athuguðu máli þótti ekki ástæða til þess, ekki síst vegna þess að á sínum tíma var

⁵ Samkomulagið var undirritað við opnun hins nýja vefs Ísmúsar 8. júní 2012 en áður höfðu hlutaðeigandi aðilar komist að munnlegu samkomulagi um málið.

efnið tekið upp með einhvers konar miðlun í huga enda var hluti af hljóðgögnum Fræðafélagsins afritaður á geisladiska fyrir allmörgum árum og þeir hafðir til útláns á bókasafninu á Hvamms-tanga. Auk þess er innihald hljóðefnisins tæplega þess eðlis að það særi eða skaði þá sem þar koma við sögu. Þó ber þess að geta að ein frásögn sem spyrjandi endursagði eftir viðmælanda er ekki birt á Ísmús. (Sjá ennfremur umfjöllun í kafla 4.5.)

3.6. Lok skráningar og klippingar

Upp úr miðjum mars 2012 lauk Freyja við að skrá og klippa allt hljóðefnið í Ísmús og næstu daga vann hún við að yfirfara allar skráningarfærslurnar (efnisatriðin) en þær eru hátt í 500 talsins. Farin var sú leið að klippa einstök viðtöl í nokkur efnisatriði með tilliti til umræðuefnisins hverju sinni og lýsa efni hvernar færslu fyrir sig. Með þessu móti hafa viðtölin verið gerð aðgengilegri fyrir notendur en þeir geta eftir sem áður hlustað á hvert og eitt viðtal í heild sinni með því að haka í þar til gerðan reit á vefsíðunni. Hljóðupptökur af samkomum voru einnig gerðar aðgengilegri með því að klippa þær til samræmis við dagskráratríði. Þetta gerir að verkum að allir viðmælendur og þeir einstaklingar sem fram komu á samkomum eru skráðir undir nafni svo framarlega sem nöfn þeirra eru þekkt. Aftur á móti eru hljómsveitir, kórar og aðrir hópar yfirleitt skráðir undir nafni hljómsveitar, kórs o.s.frv. Með einfaldri nafnaleit er hægt að kalla fram einstaklinga og hópa í gagnagrunninum.

Þótt hljóðefnið hafi verið klippt eftir efnisatriðum var það ekki stytt eða lagfært á neinn hátt heldur kemur það fyrir eins og það hljómar á upprunalegu gögnunum fyrir utan að þagnir í lok upptöku voru klipptar burt. Enn gæti átt eftir að laga hraðann á nokkrum hljóðskjölum en Tónlistarsafnið tók það að sér.

Rétt er að taka fram að alltaf má leiðrétta eða bæta upplýsingum við færslurnar í Ísmús síðar ef fram koma nýjar upplýsingar um efnið. Á vefsíðu Ísmúsar er dálkur þar sem notendur geta látið vita rekist þeir á villu eða komið á framfæri athugasemdum um hljóðefnið. Því má segja að skráningin í Ísmús sé ekki endanleg heldur verður gagnagrunnurinn ávallt opinn fyrir nýjum upplýsingum og leiðréttingum.

Eins og verkáætlun gerði ráð fyrir lauk skráningu og klippingu hljóðefnisins fyrir Ísmús í mars 2012. Að því loknu yfirfóru Rósa og verkefnisstjóri verkið en Freyja sá um lagfæringar. Í byrjun

mánaðarins var haldinn samráðsfundur þeirra sem að þessu verkefni standa þar sem árangur þess var ræddur og lagt á ráðinn fyrir opnun nýrrar vefsíðu Ísmúsar þar sem ætlunin var að birta hljóðgögn Fræðafélagsins. Að öðru leyti hvíldi undirbúningurinn fyrir opnunina á herðum aðstandenda Ísmúsar.

3.7. Nýr vefur Ísmúsar

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, opnaði nýja vefinn formlega við hátíðlega athöfn í Salnum í Kópavogi föstudaginn 8. Júní 2012. Vefurinn er leitarbær og þar er hægt að nálgast margvísleg gögn um íslenska menningu í formi hljóðrita, ljósmynda, kvikmynda, handrita og texta. Vefurinn er öllum opinn og má nota efnið til einkanota, miðla því til vina og vandamanna og nota það til kynningar, við kennslu og til rannsókna. Aftur á móti er fjölföldun til útgáfu eða sölu óheimil nema í samvinnu við eða með leyfi þess aðila sem varðveitir frumgögnin. Efninu á Ísmús má skipta í þrjá meginflokka:

- *Handrit og prent*: Alls 192 handrit og bækur. Flest öll handrit sem innihalda nótur af einhverju tagi og varðveitt eru á íslenskum söfnum. Einnig myndir af nótum í eldri prentuðum bókum.
- *Hljóðrit*: Alls 41.966 hljóðrit. Hér fer mest fyrir þjóðfræðisafni Stofnunar Árna Magnússonar með upptökum frá síðari hluta 20. aldar.
- *Orgel í íslenskum kirkjum*. Ljósmyndir af íslenskum kirkjum að utan og innan auk upplýsinga um orgel kirknanna ásamt hljóðdæmum. Alls 514 orgel og 438 kirkjur.⁶

3.8. Hljóðgögn Fræðafélagsins á Ísmús

Besta leiðin til að nálgast öll hljóðgögn Fræðafélagsins á Ísmús er að slá inn leitarorðið „Fræðafélag“ á forsíðunni. Þá eiga allar hljóðklippurnar sem varða félagið að birtast, alls 490. Með því að slá inn leitarorðið „Vorvaka“ er hægt að nálgast allar klippurnar frá Vorvökunum. Einnig geta notendur leitað á síðunni eftir nöfnum viðmælenda eða þeirra sem fram komu á

⁶ „Ísmús opnar nýja vefsíðu.“ Frétt á vefsíðu Miðstöðvar munnlegrar sögu, 12. júní 2012: <http://munnlegsaga.is/index.php?mact=News,cntnt01,detail,0&cntnt01articleid=53&cntnt01returnid=15> – „Nýr Ísmús opnar!“ Frétt á vefsíðu Tónlistarsafns Íslands, 8. júní 2012: <http://www.tonlistarsafn.is/um-tonlistarsafnid/frettir/nr/147> – „Um Ísmús.“ Sjá undir hlekknum „Um Ísmús“ á vefsíðu Ísmúsar: <http://www.ismus.is/Apps/WebObjects/Tatu.woa/wa/InspectAction/inspectObject?url=%2Fi%2Fcontent%2Fid-1>

Vorvökunum eða öðrum samkomum svo framarlega sem þeir þekki nöfn viðkomandi fólks. Þarna kemur fram hvenær upptakan var gerð upphaflega og einnig birtist stuttur efnisútdráttur um innihald upptökunnar. Þegar smellt er á tiltekna hljóðklippu birtist spilarí þar sem hægt er að spila klippuna. Með því að haka í lítinn reit er hægt að láta spilarann fara rակleitt á næstu klippu á eftir. Þegar smellt er á nafn viðmælanda eða flytjanda efnis birtast upplýsingar um fæðingardag viðkomandi, dánardag (þar sem það á við), starfstítil, uppruna og heimili. Í sumum tilvikum er þar tilvísun í minningargreinar á vefsíðunni timarit.is.

Þótt þannig sé hægt að nálgast hljóðgögnin og upplýsingar um innihald þeirra þyrftu gögnin í heild sinni að vera mun sýnilegri á vefsíðunni, enda stóð það til. Aðstandendur síðunnar ætla að bæta úr því ásamt því að setja þar inn grundvallar upplýsingar sem verkefnisstjóri tók saman um hljóðgögn Fræðafélagsins og verkefnið sem hér um ræðir.

4. Árangur og lærdómur

Í stuttu máli sagt hefur verkáætlunin (þar með talin tíma- og kostnaðaráætlun) staðist í öllum meginatriðum. Almennt séð hefur árangurinn af verkefninu verið góður og samvinna hlutaðeigandi aðila með ágætum. Þegar frá er talin gerð þessarar skýrslu, þá lauk verkefninu formlega með opnun nýrrar vefsíðu Ísmúsar 8. júní 2012. Meginárangur verkefnisins og lærdómur er sá að með góðri samvinnu hlutaðeigandi aðila reyndist unnt að gera hljóðgögn á segulböndum aðgengileg á opnum gagnagrunni á Internetinu. Þar geta fræðimenn, námsmenn og almenningur nýtt sér gögnin, hvort heldur er til rannsókna, náms eða fróðleiks og ánægju.

4.1. Ástand hljóðgagnanna og meðferð

Um leið og ákveðið hefur verið að afrita, skrá og klippa tiltekið safn hljóðgagna til birtingar á Ísmús er afar mikilvægt að gerð sé eins nákvæm skrá yfir safnið og kostur er, bæði með tilliti til merkinga sem kunna að vera á gögnunum sjálfum og umbúðunum, eldri skráningar sem kann að hafa verið gerð og munnlegra upplýsinga frá afhendingaraðila gagnanna, eiganda þeirra eða öðrum aðilum. Slík skráning veitir betri yfirsýn yfir safnið, auðveldar afritun þess í eðlilegri tíma- og efnisröð og gerir að verkum að hægt er að meta betur umfang verkefnisins. Með öðrum orðum, þá er mikilvægt í þessu tilliti að skoða gögnin sem „hlut“, það léttir vinnuna þegar farið er að vinna nánar með efnið sem þau geyma. Segulbandsspólurnar frá Fræðafélagi Vestur-Húnavetninga voru afritaðar án forhlustunar og -greiningar. Afritunin fór fram í þremur lotum og innan hvorrar lotu fengu hljóðskjölin hlaupandi númer. Þar blönduðust saman hljóðskjöl með viðtölum og upptökum frá samkomum. Þannig gat til dæmis eitt viðtal komið fyrir á fjórum hljóðskjöllum sem komu ekki endilega fyrir hvert á eftir öðru heldur innan um annað efni. Sama átti við um upptökur af einstökum samkomum. Þetta gerði að verkum að röðunin á afritunum var óþægilega ruglingsleg þegar kom að næsta verkþætti.

Hér er ekki við Tónlistarsafnið að sakast, enda var það ekki skilgreint hlutverk þess að koma sem mestri röð og reglu á gögnin áður en afritun færi fram. Þetta er einfaldlega hluti af þeim lærdómi sem draga má af verkefninu. Hér er því ekki haldið fram að hægt sé að koma fullkominni röð og reglu á öll hljóðgagnasöfn áður en afritun á sér stað en þó er mikilvægt að sem best yfirsýn fái strax í upphafi. Með því að koma efninu í því sem næst eðlilega tíma- og efnisröð á

fyrstu stigum verksins er lagður grunnurinn að því að endanleg skráning og klipping í Ísmús gangi greiðlega fyrir sig.

Þegar um er að ræða segulbandsspólur sem komnar eru til ára sinna má alltaf gera ráð fyrir að upp komi ófyrirséð tæknileg vandamál við spilun þeirra og afritun. Sú varð einmitt raunin í þessu verkefni, eins og vikið var að í kafla 3.1. Mikilvægt er að finna lausn á slíkum vandamálum á fyrstu stigum verksins.

Það er ábyrgðarhluti að taka við sögulegum hljóðgögnum, hvort heldur er frá einkaaðilum eða söfnum. Hér er því lagt til að haldin sé skrá yfir allan tilflutning frumgagna, bæði á milli staða eða á milli þeirra aðila sem að verkefninu koma, og að aðilar staðfesti með undirskrift sinni og dagsetningu afhendingu og móttöku gagnanna, hvort heldur um er að ræða hluta þeirra eða alls safnsins. Þannig á alltaf að vera ljóst hvar gögnin eru niður komin og hver hefur þau undir höndum á tilteknum tíma. Í slíku verklagi felst ákveðið öryggi og ef eitthvað hendir gögnin ætti að vera hægt að sjá hvar og nokkurn veginn hvenær það gerðist.

Jafnframt er mælt með því að gengið sé þannig um hnútana að hljóðgögn frá einkaaðilum verði afhent opinberu safni til varðveislu að afritun lokinni. Þannig á að vera tryggt að frumgögnin komist í varanlega varðveislu. Einnig er mikilvægt að viðkomandi safn fái að verkefninu loknu allar þær upplýsingar sem safnast hafa um gögnin, þannig að safnið geti nýtt sér þær við skráningu gagnanna sem safnkosts, enda falla frumgögnin undir skipulag viðkomandi safns. Í því verkefni sem hér um ræðir hefði verið æskilegt að skjalasafnið á Hvammstanga tæki beinan þátt frá upphafi, enda hljóðgögnin varðveitt á safninu. Hvað sem því líður, þá felst einn ávinningurinn af verkefninu í því að safnið hefur fengið safnmark, *HérVHún*, eins og greint er frá í kafla 3.5.

4.2. Forhlustun, frumgreining og öflun upplýsinga um hljóðgögnin

Forhlustun og frumgreining verkefnisstjóra (sjá kafla 3.2 og 4.1) var forsenda þess að hægt væri að leggja mat á umfang og ástand hljóðgagnanna. Þá fyrst var hægt að gera raunhæfa verkáætlun. Í reynd er þar lagður grunnur að öllu því sem á eftir kom og því hefði þurft að leggja ennþá meiri áherslu á þennan verkþátt en hér var gert. Þetta á sérstaklega við um segulbandasöfn sem ekki eru í röð og reglu og takmarkaðar upplýsingar fylgja með um innihald þeirra. Þannig er stuðlað að því að hljóðefnið raðist í eðlilega tímaröð og með tilliti til efnispátta þegar kemur að

afritun. Í raun má segja að skráning og klipping á gögnum í Ísmús sé óhugsandi án lágmarks greiningar, það er einfaldlega engin leið að skrá og klippa til hljóðefni án þess að leggja einhvers konar mat á innihald þess.

Forhlustun og frumgreining nýtist vel þegar kemur að skráningu og klippingu efnisins og ætti að spara bæði fé og fyrirhöfn þegar allt kemur til alls. Þótt hljóðefni Fræðafélagsins væri tiltölulega afmarkað reyndist síður en svo einfalt mál að koma röð og reglu á efnið, eins og fjallað var um í kafla 4.1. Viðbúið er að hljóðgagnasöfn geti verið flóknari og sundurlausari að innihaldi en safn Fræðafélagsins, þannig að mun fyrirhafnarsamara verði að henda reiður á innihaldið.

Í undirbúningsskýrslum um verkefnið og styrkumsóknum hafði verið reiknað með að leita eftir aðstoð heimamanna við að hlusta á hljóðefnið og greina innihald þess. Þetta reyndist óþarfi, enda skýrði efnið sig að nokkru leyti sjálf, ef svo má segja, við hlustun. Með því er átt við að á upptökunum koma (eðlilega) fram allmiklar upplýsingar um innihaldið. Sá sem fær það verkefni að hlusta og greina efnið getur síðan aflað nánari upplýsinga úr manntölum, prentuðu efni ýmiss konar og með fyrirspurnum ef þurfa þykir.

Æskilegt er að forhlustun og greining gagnanna annars vegar og hins vegar skráning og klipping þeirra á Ísmús sé í höndum sama aðila. Þetta á einnig við um upplýsingaöflun um tilurð og innihald gagnanna. Forhlustun og greining gagnanna leggur grunninn að skráningunni og klippingunni og því getur það varla talist hagnýtt eða skynsamlegt að nýr aðili komi að verkinu þegar kemur að skráningu og klippingu.

4.3. Skráning og klipping

Í verkefnisáætluninni var ekki gert ráð fyrir að farið væri yfir skráninguna í Ísmús með tilliti til stafsetningar, að rétt væri farið með mannanöfn og staðarnöfn, að samræmi væri á milli skráningarinnar og hljóðefnisins o.s.frv. Þessi verkþáttur reyndist býsna drjúgur en hann kom í hlut verkefnisstjóra og Rósu Þorsteinsdóttur hjá Stofnun Árna Magnússonar. Óhætt er að segja að Rósa hafi lagt talsvert meiri vinnu í verkefnið heldur en gert var ráð fyrir í verkefnisáætluninni, enda býr hún yfir mikilli sérþekkingu í meðferð hljóðgagna og skráningu þeirra í Ísmús.

4.4. Kröfur til starfsmanna

Verkefni eins og það sem hér um ræðir gerir talsverðar kröfur til þeirra sem að því koma. Í fyrsta lagi þarf afritun gagnanna að vera í höndum þeirra sem ráða yfir sértækum tækjabúnaði og færni í meðferð hans. Hvoru tveggja er til staðar hjá Tónlistarsafninu.

Að loknu verkefninu sem hér um ræðir er til orðin hjá Forsvari ehf. þekking á verkefnum sem þessu en það var einmitt einn megintilgangurinn með verkefninu að byggja upp slíka þekkingu. Starfsmaður fyrirtækisins hefur fengið þjálfun og öðlast verkþekkingu sem getur tvímælaust nýst í fleiri verkefnum af þessu tagi. Engu að síður er það okkar mat að greining og mat á innihaldi hljóðgagna, sem óhjákvæmilega á sér stað við hlustun á gögnunum, ætti að vera undir stjórn þeirra sem hafa menntun og reynslu til að fást við sögulegar heimildir (sagnfræðileg gögn). Grunnháskólamenntun á félags- eða hugvísindasviði ásamt starfsreynslu og góðu valdi á íslensku er lágmarkskrafa. Þær lágmarkskröfur sem hér er miðað við skipta einnig máli varðandi fagleg samskipti við samstarfsaðila og út á við. Þetta ætti samt ekki að koma í veg fyrir að ófaglærðir geti einnig unnið að verkefninu, til að mynda við skráningu og klippingu.

Ætli Forsvar ehf. að taka að sér verkefni eins og það sem hér um ræðir er eðlilegast að fyrirtækið ráði til sín starfsmann með menntun og reynslu sem verkefni eins og þetta útheimtir. Ekki væri útilokað að starfsmaður Stofnunar Árna Magnússonar hefði umsjón með verkefninu. Þá væri mikilvægt að viðkomandi tæki jafnframt virkan þátt í því en hefði ekki aðeins yfirumsjón með því.

Í verkefninu sem hér um ræðir kom í ljós að það hefur sína kosti að sá sem vinnur við það sé heimamaður. Það gerir að verkum að viðkomandi er kunnugur mörgu af því sem um er rætt og því fólki sem við sögu kemur og er þar af leiðandi oft fljótari að átta sig á hljóðefninu en sá sem er ókunnugur í héraðinu. Engu að síður væri óraunhæft að gera þá kröfu að sá eða þeir sem vinna við verkefni eins og þetta séu gagnkunnugir á því svæði eða því efni sem um ræðir. Það á einfaldlega að vera hægt að gera þá kröfu að þeir sem fást við söguleg gögn séu færir um að afla sér nauðsynlegra upplýsinga og setja sig inn í viðfangsefnið hverju sinni.

4.5. Réttindamál

Eins og fram kemur í kafla 3.5 var ætlunin á vissu tímabili í verkferlinu að afla leyfa hjá viðmælendum og flytjendum efnis til þess að miðla efninu á Ísmús en síðan var horfið frá því, meðal annars vegna þess að í mörgum tilvikum hefði reynst erfitt og tímafrekt að afla slíkra leyfa. Til að mynda eru flestir viðmælendurnir látnir og það hefði kostað ómælda fyrirhöfn að afla samþykkis hjá afkomendum eða aðstandendum. Hér vóg reyndar þyngra að við nánari athugun þótti tilurð efnisins ekki gefa tilefni til þess að slíkra leyfa væri aflað, enda viðtölin tekin á sínum tíma með það fyrir augum að þau gætu orðið öðrum til fróðleiks og ánægju seinna meir. Og samkomurnar sem um ræðir voru á sínum tíma öllum opnar. Einnig má nefna að hluti hljóðgagna Fræðafélagsins hefur um árabil verið aðgengilegur á geisladiskum á bókasfninu á Hvammstanga. Að öllu samanlögðu þótti því fullnægjandi að eigandi gagnanna, Fræðafélag Vestur-Húnavetninga, gæfi samþykki sitt fyrir miðlun alls efnisins með sérstöku samkomulagi við aðstandendur Ísmúsar (sjá kafla 3.5). Þess má geta að þetta verklag samræmist verklagsreglum Miðstöðvar munnlegrar sögu þegar Miðstöðin tekur á móti gömlum hljóðgögnum. Þá er almennt litið svo á að samþykki eiganda gagnanna, eða þess sem afhendir þau, nægi til þess að Miðstöðin taki við gögnunum til varðveislu, notkunar og miðlunar.

Í 3. grein samkomulags Fræðafélagsins og aðstandenda Ísmúsar segir meðal annars: „Notendur Ísmús eru bundnir af þeim fyrirvörum sem eru birtir á forsíðu Ísmús um notkun og miðlun efnisins.” Enga slíka fyrirvara er ennþá að finna á forsíðunni en ef smellt er á hlekkinn „Um Ísmús” á forsíðunni má aftur á móti lesa eftirfarandi klausu í almennri umfjöllun um vefsíðuna:

Öllum er heimill aðgangur að Ísmús og efnið sem þar er birt má brúka til einkanota, miðla til vina og vandamanna og nota til kynningar, við kennslu og rannsóknir. Öll fjölföldun efnisins til útgáfu eða sölu er óheimil nema í samvinnu við eða með leyfi þess sem varðveitir frumgögnin.⁷

Í sjálfu sér má segja að þessi klausa nægi efnislega séð en í ljósi þess hve þýðingarmikil hún er væri æskilegt að hún kæmi einnig fyrir á forsíðunni, enda um það kveðið í samkomulaginu.

⁷ „Um Ísmús.” Sjá undir hlekknum „Um Ísmús” á vefsíðu Ísmúsar:
<http://www.ismus.is/Apps/WebObjects/Tatu.woa/wa/InspectAction/inspectObject?url=%2Fi%2Fcontent%2Fid-1>

4.6. Kynning á verkefninu

Verkefnið hefur ekki verið kynnt að öðru leyti en í kringum opnun Ísmús. Forsvar og aðstandendur Ísmúsar eru að kanna grundvöll fyrir því að vinna fleiri sambærileg verkefni og það sem hér um ræðir. Ef af verður má gera ráð fyrir að verkefnið fái meiri kynningu. Áður en að því kemur væri æskilegt að hljóðefni Fræðafélagsins yrði gert sýnilegra á vefsíðu Ísmúsar, eins og bent er á í kafla 3.8. Einnig væri ástæða til að kynna hljóðgögnin heima í héraði, ekki síst skólafólki enda má ætla að gögnin geti nýst við kennslu og verkefnagerð.

5. Samantekt

Verkefnið sem hér um ræðir gekk meðal annars út á að finna leið til að gera gamlar hljóðupptökur sem lágu óskráðar og illa nothæfar aðgengilegar með skráningu í gagnagrunninn Ísmús. Afraksturinn er netaðgengi að upptökunum klipptum og óklipptum, þ.e. hægt er að hlusta á heilar spólur eða einstaka þætti þeirra eftir leit í gagnagrunni. Áður hafði þjóðfræðilegt efni í eigu Stofnunar Árna Magnússonar verið skráð í gagnagrunninn, en flokkun slíks efnis er með dálítið öðrum hætti en þegar um er að ræða upptökur sem gerðar eru í öðrum tilgangi en þjóðfræðilegum. Frumgögnin hafa sömuleiðis verið skráð og afrit sett í örugga varðveislu til langframa.

Tilraunin sýnir að hægt er að nálgast hljóðefni sem liggur annars undir skemmdum, varðveita það og gera aðgengilegt með því að nota gagnagrunninn Ísmús. Slíkt efni er til í miklu magni bæði á vegum einkaaðila, félaga, fyrirtækja, sveitarfélaga og annarra. Miklu skipti um möguleika verkefnisins að sveitarfélagið Húnaþing vestra sýndi verkinu áhuga og stuðning, en það hefði ekki verið framkvæmanlegt ef þurft hefði að reiða sig einvörðungu á aðra styrki. Verkefnið vekur athygli á magni hljóðefnis sem er til og möguleikum á að nýta það, en auk þess má nefna að það gefur tilefni til þess að huga að þætti skjalasafna í varanlegri varðveislu slíks efnis.

Verkefnið gefur tilefni til að ætla að aðrir aðilar, sem hafa áhuga á því að varðveita efni og gera aðgengilegt geti nú leitað samsvarandi leiða fyrir sitt efni. Þar má nefna sveitarfélög, fyrirtæki eða aðra. Ætla má að Forsvar ehf. gæti skapað sér frekari verkefni við skráningu af þessu tagi í samvinnu við Ísmús en nauðsynlegt er að umsjónarmaður slíkra verkefna hafi þar til bæra háskólamenntun (sbr. kafla 4.4). Þar af leiðandi ættu slík verkefni ekki aðeins að vera atvinnuskapandi heldur einnig álitlegur kostur fyrir söfn, einkaaðila o.fl. sem hug hafa á að láta afrita hljóðgögn sín og gera þau jafnframt aðgengileg fræðimönnum og almenningi. Það hefur ótvíræðan fræðilegan og menningarlegan ávinning að varðveita, afrita og miðla hljóðgögnum eins og þau sem hér um ræðir. Til þess að það nái fram að ganga væri æskilegt að vinna að frekari rannsóknum á efninu, eða, að minnsta kosti að vinna að sérstakri kynningu á því fyrir heimamenn en í þessu tilviki reyndist ekki nægilegt fjármagn til þess og í raun var ekki hugað nægilega að því í upphafi.

Verkefnið fólst meðal annars í því að þróa verklagsreglur. Má segja að talsverð reynsla hafi orðið til í þeim efnum en til bóta væri ef til væru skýrar reglur sem setja mætti fram í gátlista og þannig væri hægt að ganga úr skugga um að tilteknum verkþætti sé lokið áður en kemur að þeim næsta í verkferlinu. Slíkar reglur verða til smám saman með starfi og reynslu. Þegar lagt var af stað með verkefnið var um margt óljóst hvernig það yrði unnið en í stuttu máli sagt gekk samstarfið vel. Enn eru ekki öll kurl komin til grafar á því sviði, og vonandi getur þetta verkefni orðið hvatning til að ráðist verði í fleiri sambærileg verkefni. Varðveisla og skráning stafræns efnis er í hraðri þróun um þessar mundir og má nefna að á meðan þetta verkefni stóð yfir var Miðstöð munnlegrar sögu, sem safnar og geymir munnlegar heimildir, sameinuð Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni.

Með þessu verkefni hefur Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra sýnt fram á að með samvinnu einkarekins fyrirtækis og sérhæfðra stofnana, ásamt stuðningi þeirra sem hafa menningarlegra hagsmuna að gæta, þ.e. sveitarfélags í þessu tilviki, sé mögulegt að bjarga, varðveita og gera efni aðgengilegt sem fram að þessu hefur ekki verið ljóst hvað eigi að gera við. Það er ljóst að ódýrasti kosturinn við að skrá efni í gagnagrunna er að til sé skilvirk leið, þar sem fyrir hendi er þekking á verklagi og eðli verkefnisins, þannig að ekki tapist tími og fjármunir í að „finna upp“ aðferðafræði í hvert sinn sem á að skrá munnlegar heimildir. Framhald á sambærilegu starfi, með sambærilegum verkefnum, veltur á frumkvæði annarra.